

30.01.12

Sjávarútvegsráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



Efni: Byggðakvóti Vopnafjarðarhrepps 2011/2012

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hefur fjallað um úthlutun byggðakvóta til Vopnafjarðarhrepps kvótaárið 2011/2012.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps leggur til að reglugerð frá 21. des. 2011 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012 gildi fyrir úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Skipta skal $\frac{1}{4}$ hluta úthlutaðs byggðakvóta 55,25 þorskígildistonnnum eftir brúttótonnum þeirra báta/skipa -og $\frac{1}{4}$ byggðakvóta 55,25 þorskígildistonnnum jafnt milli þeirra báta/skipa,- sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og sækja um.

Eflirstöðvunum sem er $\frac{1}{2}$ úthlutaðs byggðakvóta 110,5 þorskígildistonnnum skal skipt í hlutfalli við landaðan afla í þorskígildum talið, sem landað er á Vopnafirði 1. sept. til 31. ágúst 2011.

- b) Ekkert skip yfir 1.000 brúttótonn fær úthlutun.

- c) Í stað 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar komi nýr málslíður svohljóðandi: Fiskiskipum er skylt að landa á Vopnafirði, til vinnslu þar eða á Bakkafirði, á tímabilinu 1. sept. 2011 til 31. ágúst 2012, afla sem nemur, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt skv. vigtunar- og ráðstöfunarskýrslum sem borist hafa Fiskistofu.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með fyrirfrám þökk og von um skjóta afgreiðslu.

Þorsteinn Steinsson
Sveitarstjóri
Vopnafirði



SVEITARSTJÓRINN
VOPNAFIRÐI

30.01.12

Sjávarútvegsráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



Efni: Rökstuðningur með tillögum Vopnafirðinga fyrir sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun aflaheimilda vegna byggðakvóta 2011/2012.

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins frá 21. des. sl., þar sem óskað er eftir sérstökum rökstuðningi við þær breytingar sem sveitarstjórn óskar eftir að ráðuneytið heimili á grundvelli heimildargreinar ráðherra þar um. Í bréfinu beinir ráðuneytið þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, þegar reglur um ráráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnir á að megintilgangur byggðakvótans er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi og hafa í huga kosti dagróðrabáta í því skyni. Í bréfi ráðuneytisins er einnig óskað eftir því að sveitarfélagið skili inn rökstuðningi með tillögum sínum fyrir sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun aflaheimilda vegna byggðakvóta 2011/2012.

Óskir Vopnafjarðarhrepps um breytingar frá reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012 eru tilgreindar í meðfylgjandi bréfi dags. 30. janúar 2012.

Rökstuðningur vegna liðar a):

Tillaga þessi byggir á þeirri hugmynd að bátar, sem hafa litla aflareynslu eigi möguleika á því að fá úthlutað hluta byggðakvótans. Hún tekur mið af óskum bátasjómannna, sem þeir settu fram í skriflegu erindi til sveitarstjórnar á síðasta fiskveiði ári. Um þetta var einnig haldinn fundur með smábátasjóðmönnum við mótun tillagna fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

Hér er farin ákveðin millileið til að mæta þessum sjónarmiðum. Lagt er til að helmingur kvótans verði fyrst tekinn og honum annars vegar skipt eftir stærð báta og hins vegar jafnt á alla báta. Með þessu móti næst að láta mun fleiri báta hafa möguleika á því að fá úthlutun en annars væri. Sama regla gildi á síðasta ári.

Á hinn vænginn er helmingur aflans tekin og honum úthlutað miðað við aflareynslu báta, á tímabilinu 1. sept. 2011 til 31. ágúst 2012.

Með þessu er tekið á anda reglugerðarinnar um úthlutun byggðakvóta á báta, um að hvetja þá til dáða sem duglegir hafa verið til veiða fram að þessu.

Í heild er aðferð þessi valin til þess að sem flestir bátar fái úthlutun og sem mestur friður náist um aðferðafræði úthlutunarinnar.

Rökstuðningur vegna liðar b):

Hér er sérstaklega tekið til stærðarmarka skipa 1.000 brúttótonn og þar yfir. Þetta er gert til þess að Lundey NS-14, sem er uppsjávarveiðiskip komi ekki til greina vegna úthlutunar byggðakvóta á Vopnafirði.

Rökstuðningur vegna liðar c): Hér er gert ráð fyrir að vinnsluskylda verði á aflanum. Honum eigi öllum að landa á Vopnafirði, en heimilt verði að vinna hann annað hvort á Bakkafirði eða Vopnafirði. Á Bakkafirði er bolfiskvinnsla á vegum Toppfisks og hugmyndin er að komið verði á fót bolfiskvinnslu á vegum þess fyrirtækis hér á Vopnafirði líka. Viðræður eru í gangi um þau mál milli Toppfisks og Vopnafjarðarhrepps og verður mikil áhersla lögð á það að sem mest af aflanum verði unnið á Vopnafirði og jafnframt að fyrirtækið verði með aðra tengda vinnslu hér á Vopnafirði.

Allt gengur þetta út á það að skapa sem mesta vinnu á þessu svæði, en Bakkafjörður er einungis í 35 km. fjarlægð frá Vopnafirði.

Þá er hér gerð tillaga um að bátarnir þurfi einungis að landa í þorskígildistonnum talið jöfnu magni þess aflamarks, sem þeir fá úthlutað, en í reglugerðinni er gert ráð fyrir að nauðsynlegt sé að landa 2 tonnum á móti hverju einu sem úthlutað er af byggðakvótanum.

Óskað er eftir breytingu þessari á grundvelli þess að mjög erfitt hefur reynst að leigja eða kaupa aflaheimildir.


Með þessu móti er komið til móts við trillukarla þ.a. mciri líkur séu á því að unnt verði að úthluta byggðakvótanum en ella væri.

Hér er um að ræða sömu reglu og gildi á síðasta fiskveiðiári.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Vakni einhverjar frekari spurningar er undirritaður fús að svara þeim.

Með bestu kveðjum,



Þorsteinn Steinsson

Sveitarstjóri

Vopnafirði. 473-1300



SVEITARSTJÓRINN
VOPNAFIRÐI